

Mál nr. 133/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 21. júlí 2020 er hann vann við að setja nýtt þak á starfsmannabústað við hótél í eigu X. Við verkið notaði M stiga sem var reistur upp við húsið og er hann var kominn ofarlega í stigann gaf sig jarðvegurinn undir stiganum með þeim afleiðingum að M missti jafnvægið og skall í jörðina.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Vísar M til þess að þrátt fyrir alvarleika slyssins hafi X ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið fyrr en rúmlega ári síðar og hafi því engin rannsókn farið fram á tildrögum þess eða aðstæðum á slysstað. Vísar M til 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um tilkynningarskyldu vinnuveitanda. M kveðst í aðdraganda slyssins hafa óskað eftir að fá vinnupall til verksins þar sem stiginn hentaði ekki að hans mati eins vel til verksins en að honum hafi verið neitað um slíkan búnað. Stiginn hafi ekki hentað til verksins og því hafi aðstæður á vinnustað verið hættulegar. Vinnuveitanda hafi borið að tryggja öryggi M við framkvæmd verksins og útvega vinnupalla sem hæfðu verkinu. Telur M að hann hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að ekki ágreiningur uppi um málsatvik og því skipti tímasetning tilkynningar til Vinnueftirlitsins ekki máli auk þess sem lögregla hafi komið á vettvang og tekið myndir og framburð M. M hafi verið ráðinn inn sem „maintenance manager“ hjá X í ljósi þess að hann var reynslumikill smiður og sem slíkur bar hann ábyrgð á öllu viðhaldi bygginga á vegum X. Í því fólst m.a. að meta hvert verkefni fyrir sig og taka ákvörðun um hvernig ætti að vinna það, hvort kalla þyrfti til auka mannskap og hvaða búnað þyrfti að nota. Þannig hafi M á slysdegi tekið sjálfur ákvörðun um að vinna verkið einn og notað til þess umræddan stiga. Að mati V hefur ekki verið sýnt fram á að slysið megi rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Slysið megi heldur rekja til eigin óaðgæslu M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X þannig að hann hlaut samfallsbrot á hrygg. Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins og upplýst er að enginn frá eftirlitinu kom á slysstað til úttektar. Í ljósi þess að M varð óvinnufær strax eftir slysið verður ekki annað séð en að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður það þó ekki talið hafa áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði, enda greinir aðila ekki á um málsatvik. Fyrir liggur að M er menntaður smiður, hafði unnið við viðhald hjá X í um þrjú ár fyrir slysið sem stjórnandi viðhalds bygginga í eigu X. Hann var á slysdegi kominn vel yfir fimmtugt og má þannig ætla að hann hafi nokkra reynslu af þeim störfum sem honum voru falin af hálfu X. Hefur M ekki lagt fram nein gögn sem styðja þá frásögn hans að honum hafi ekki verið í sjálfsvald sett að stjórna hvernig verkið var unnið né að honum hafi verið neitað um viðeigandi búnað. Eins og gögn málsins liggja fyrir verður þannig ekki talið að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Á M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir